

Nd.

26. Tillaga

til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga og gera tillögur um dýrtíðar-ráðstafanir o. fl.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga og gera tillögur til Alþingis um það, hverjar ráðstafanir gera megi til að draga úr afleiðingum af fyrirsjáanlegri dýrtíð, sjerstaklega á matvælum og eldivíð, á komandi hausti, og meðan helst ástand það, sem nú er í Norðuráltunni.